

Nd.

651. Frumvarp til laga

[301. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og vegalögum nr. 6/1977.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Í stað orðanna „orlofsheimili launþegasamtaka“ í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 komi: orlofsheimili, sem samtök vinnumarkaðarins og einstakir meðlimir þeirra reisa á svæðum, sem sérstaklega eru keypt og skipulögð fyrir slíka starfsemi.

2. gr.

Fyrri málsliður 24. gr. laga nr. 6/1977 orðist svo:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili, orlofsheimili, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins og einstakir meðlimir þeirra reisa á svæðum sem sérstaklega eru keypt og skipulögð fyrir slíka starfsemi, og vitar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð

Í inngangi að nýútkomnu riti Landverndar, sem ber nafnið Útilif, segir m. a. svo: „Með vaxandi þéttbýli, einhæfni í störfum og inniveru hefur æ betur komið í ljós þörf mannsins fyrir nána snertingu við náttúruna og tilbreytingu frá hinu manngerða umhverfi steinsteypu, málbiks, stáls og véla.“ Þarna er vikið að þörf sem er tiltölulega nýtilkomin í okkar þjóðfélagi, en er vissulega fyrir hendi og er sannarlega engin gervipörf. Þörfin fyrir snertingu við náttúruna kemur m. a. fram í löngun borgarbúans til að komast burt úr skarkala og mengun borgarinnar í umhverfi þar sem náttúrufegurðin er innan seilingar og mengun, þar með talin hávaðamengun, í lágmarki. Í þessu skyni hafa margir borgarbúar komið sér upp sumarbústöðum til að dvelja í um helgar og í sumarleyfum sínum. Á árinu 1973 var talið að alls væru 2 394 sumarbústaðir á landinu, þar af 75% á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni að Ölfusá.

Nokkuð er um liðið síðan aðildarsamtök vinnumarkaðarins, sem m. a. hafa á stefnuskrá sinni að vinna að menningarmálum, gerðu sér ljóst að það væri einmitt verkefni fyrir þau að stuðla að því, að meðlimir þeirra ættu kost á orlofsdvöl á fögurum stöðum. Meðal áfanga á leiðinni að því marki má nefna kjarasamningsákvæði um greiðslur vinnuveitenda í orlofsheimilasióði stéttarfélaga sem komu í kjarasamninga nálægt miðjum síðasta áratug og síðan kaup launþegasamtaka á löndum undir orlofsheimili, stundum einna og stundum í samvinnu við samtök vinnuveitenda. Sem dæmi má nefna kaup Iðju, félags verksmiðjufólks á Svignaskarði í Borgarfirði og kaup Múrarafélags Reykjavíkur og Múrarameistarafélags Reykjavíkur á Öndverðarnesi í Grímsnesi.

Á þessum stöðum hafa viðkomandi samtök látið skipuleggja orlofshúsabyggð og hafist handa um að koma upp aðstöðu fyrir dvalargesti til hollrar tómstundaiðkunar. Með því fvirrkomulagi að slíkir aðilar kaupi land og skipuleggi með þessar þarfir í huga vinnst margt miðað við kaup einstaklinga á landi í sama tilgangi. Sem dæmi má nefna:

1. Stórhætta landnýtingu á effirsóttum stöðum.
2. Mörkvissa stjórnun á því að þekkilegur heildarsvipur verði á orlofshúsabyggðinni.
3. Effirlit með því að framkvæmdum sé lokið innan hæfilegs tíma.
4. Effirlit með hrifnaði og umgengni á svæðinu.
5. Aukna möguleika á að koma upp hvers konar aðstöðu til heilsuræktar, svo sem sundlaugum og íþróttavöllum, enn fremur þjónustumiðstöðvum og aðstöðu til félagslífs.

Í framkvæmd hefur nýtingu landssvæða þeirra, sem keypt hafa verið í þessum tilgangi verið með tvennum hætti. Annars vegar hefur tilhögunin verið sú, að einungis stéttarfélög og atvinnurekandafélög eiga húsin og leigja þau meðlimum sínum til skamms tíma í senn (Svignaskarð). Hins vegar er sú tilhögun, að félögin eiga fá hús sem leigð eru út, en leyfa félagsmönnum að reisa sjálfir hús á svæðinu til einkafnota. Félögin áskilja há sér og/eða meðlimum sínum einkarétt til kaupa á húsunum með sérstökum kiörum ef eigandi óskar að selja eða missir rétt til að fá leigusamning sinn framlengdan (Öndverðarnes). Fyrirnefnda fyrirkomulagið hefur þann

kost, að nýting húsanna verður meiri en ella og fleiri eiga kost á orlofsdvöl. Síðarnefnda fyrirkomulagið flýttir hins vegar fyrir uppbyggingu á svæðinu, en af því leiðir aftur að öll aðstaða til sameiginlegra þarfa kemst fyrr upp en ella.

Löggjafarvaldið hefur að nokkru viðurkennt menningar- og félagslegt hlutverk þessarar starfsemi með þeirri breytingu sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga á árinu 1972, en þá voru orlofsheimili launþegasamtaka undanþegin greiðslu fasteignaskatts og þar með skipað á bekk með sjúkrahúsum, félagsheimilum, kirkjum, skólum og safnahúsum. Nýlega hefur komið í ljós að tiltekin sveitarfélög túlka undanþáguákvæðið þröngt og telja það aðeins taka til þeirra orlofsheimila launþegasamtaka sem eru skráð eign samtakanna sjálfra. Þennan skilning hefur svo yfirstandandi eignarmatsnefnd tekið undir í úrskurði nú fyrir skömmu. Þá orkar tvímælis að undanþágan taki til vegaskatts skv. 23. gr. vegalaga, þótt hann sé hreinn fasteignaskattur, þar sem hann ber annað nafn. Í því sambandi er einnig á það að líta, að IV. kafli vegalaga geymir undanþáguákvæði hliðstætt 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, en þar er orlofsheimila launþegasamtaka að engu getið.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að undanþiggja öll orlofsheimili launþegasamtaka, sem reist eru á svæðum, sem skipulögð eru fyrir slíka starfsemi, greiðslu fasteignaskatta hverju nafni sem nefnast. Þá þykir eðlilegt og í samræmi við þær jafnréttishugmyndir, sem ríkjandi eru í þjóðfélaginu, að orlofsheimili vinnuveitendasamtaka sitji hér við sama borð. Þess er að vænta, að þau rök verði sett fram á móti frumvarpinu að verið sé að svipta sveitarfélög þau, sem hér eiga hlut að máli, drjúgum tekjustofnum sem þau hafa fulla þörf fyrir. Þar er því fyrst til að svara, að vafasamt verður að telja að sumarbústaðir séu grundvöllur tekjuöflunar sveitarfélaga þar sem eigendur þeirra njóta ekki í teljandi mæli þeirra framkvæmda sem tekjustofnum sveitarfélaga er ætlað að standa undir, nema þeir séu jafnframt heimilisfastir í sveitarfélaginu. Þá er þess og að gæta að orlofsbyggðir hafa í raun reynst viðkomandi sveitarfélögum nokkur lyftistöng. Þær veita t. d. þeim aðilum í sveitarfélögunum, sem fást við verslun og flutningastarfsemi, drjúgar tekjur og fjölga atvinnutækifærum þann tíma ársins sem skólar starfa ekki og framboð vinnuafis er mest. Þá er ástæða til að ætla að stóraukin aðsókn að sundstöðum í grennd við orlofsbyggðir, t. d. í Borgarfirði, sem er bein afleiðing af tilvist orlofsbyggðanna, hafi átt þátt í að gera eigendum mannvirkjanna kleift að gera aðstöðu og þjónustu þar með því besta sem þekkist, heimamönnum sem öðrum til gagns og yndisauka.